

REGLUGERÐ

um viðauka við reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands,
nr. 348 8. október 1976.

1. gr.

Við útdrátt vinninga í 3. flokki 1994 skal draga út einn vinning í hverri röð, B, E, F, G og H, sbr. 9. gr. reglugerðarinnar, sem dreginn skal eingöngu úr seldum miðum.

2. gr.

Drátturinn fer þannig fram:

- Miðar númeraðir frá 1–60.000 eru settir í sérstakan stokk.
- Dreginn er miði úr stokknum og númer hans lesið og skráð.
- Athugað er hvaða happdrættismiðar með vinningsnúmerinu eru seldir. Seldur miði sem ber númerið og bókstaf miðaraðar hlýtur vinning.
- Ef allar miðaraðir hljóta ekki vinning í þessu drætti skal dráttur endurtekinn vegna þeirra raða.
- Dráttur skal endurtekinn þar til miði í hverri miðaröð hefur hlotið vinning.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1994.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 9. desember 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Bessastaðahrepps 1993–2013.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 1. desember 1993 staðfest aðalskipulag Bessastaðahrepps 1993–2013. Staðfesting þessi nær ekki til vegar milli Bessastaðatjarnar og Bessastaða að fyrirhuguðu bifreiðastæði austan við forsetasetrið, sbr. bókun skipulagsstjórnar 13. október 1993.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964. Hreppsnefnd Bessastaðahrepps hefur samþykkt aðalskipulagið og skipulagsstjórn ríkisins afgreitt það til staðfestingar ráðherra með ofangreindri bókun.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Bessastaðahrepps 1984–2004, sem staðfest var 3. janúar 1986.

Umhverfisstofnun, 1. desember 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.